

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn 15.okt. 2008 í Bændahöllinni

Mætt voru Kristinn Guðnason, Sigbjörn Björnsson, Ólafur Einarsson, Helga Thoroddsen, Eyþór Einarsson og Hulda G. Geirsdóttir sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Uppskeruhátíð hestamanna rædd. Farið yfir boðsgesti FHB og annað er að hátíðinni lýtur.

Hestatorg 2008. Hulda greindi frá því að styrkur hefði fengist frá þróunarsjóðsnefndinni og uppgjör verkefnisins lægi nokkurn veginn fyrir. Rætt var um kosti og galla verkefnisins og hvernig það var útfært t.d. á LM sl. sumar. Stefnt er að framhaldi á þessu verkefni.

Námskeið í sýningarþátttöku. Hulda greindi því næst frá námskeiði í sýningarþátttöku sem hún sótti hjá Útflutningsráði. Sagði það hafa verið mjög gagnlegt og myndi nýtast henni vel við val á fagsýningum og viðburðum sem félagið myndi sækja eða sinna.

Ný heimasíða. Hulda hefur hafið undirbúning að gerð nýrrar heimasíðu og mun sú vinna væntanlega verða eitt af stærstu verkefnum starfsmanns í byrjun nýs árs.

Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri BÍ kom til fundar. Rætt um samstarf FHB og BÍ og sameiginleg hagsmunamál, m.a. WorldFeng og samstarfið við FEIF.

USA ferð stjórnarmanna skipulögð, en til stendur að stjórn og starfsmaður fari til Bandaríkjanna á sýninguna Equine Affaire sem og víðar í fræðslu- og kynningarskyni. Samþykkt að félagið styrki stjórnarmenn um fargjaldið.

Hólaskóli verði sjálfseignarstofnun. Hulda sótti fund hagsmunaaðila þar sem rætt var um hugsanlega stofnun sjálfseignarstofnunar um Hólaskóla. Hulda kynnti málið og lagði til að Ingimar Ingmarsson yrði skipaður í formlega undirbúningsnefnd vegna verkefnisins fyrir hönd hrossaræktarinnar og var það samþykkt af hálfu stjórnar FHB, en BÍ og LH munu einnig koma þar að.

Formaður FT, Sigrún Ólafsdóttir, mætti til fundar. Farið var yfir ýmsa fleti samstarfs FT og FHB og rætt um hugsanleg verkefni á komandi ári. Sigrún sagði frá svokallaðri menntamatrixu FEIF og vinnu við aðild Íslendinga að henni. Einnig var rætt um endurmenntun og ýmsar hugmyndir viðraðar þar um. Jafnframt voru ræddar hugmyndir um gerð gátlista sem nota mætti við vottun/úttekt tamningar.

Útflutningstölur ársins kynntar af Huldu. Ljóst er að umtalsverð aukning verður á útflutningi hrossa þetta árið og er það jákvætt. Mest er um að flutt séu út góð kynbóta- og keppnishross og ljóst að töluverð verðmætasköpun hlýst af hrossaútflutningi sem er jákvætt í þeirri kreppu sem nú ríkir.

Verðskerðingarsjóður. Hulda fór yfir stöðuna í sjóðnum og þau verkefni sem FHB hefur styrkt með fé úr sjóðnum. Kristinn rakti stöðu sláturmála og sagði nokkur hundruð hross nú á biðlista. Afurðamálin væru stöðug barátta og verðið lágt, en FHB héldi áfram að berjast fyrir afsetningarmöguleikum.

Aðalfundur 2008 undirbúinn. Farið yfir drög að dagskrá, boðsgesti og fleira er að fundahaldinu lýtur.

Fagráð. Kristinn sagði frá hugmyndum fagráðs um hugsanlegar breytingar á framkvæmd kynbótasýninga. Málið verður kynnt á aðalfundi FHB og á ráðstefnu fagráðs í hrossarækt í kjölfarið.

Svar frá fagráði vegna ályktunar FHB um uppfærslu á dómstiganum lesið. Fagráð tekur undir nauðsyn verksins, en bendir jafnframt á að það verði bæði tímafrekt og dýrt.

Kristinn sagði einnig frá rannsóknum á sumarexemi sem stofnverndarsjóður hefur styrkt. Þær hafa gengið vel og nú er komið að því að gera klínískar rannsóknir. Sá liður verkefnisins mun verða mjög kostnaðarsamur og m.a. fela í sér bólusetningar hrossa hér á landi sem síðan yrðu flutt út og viðbrögð þeirra rannsökuð erlendis. Mikilvægt er að styðja verkefnið og afla því fjár svo hægt sé að ljúka því. Þetta er mál sem varðar alla hrossabændur og snertir bæði á dýravelferð og markaðsmálum.

Landsmót 2008. Kristinn greindi frá fundi sem hann sótti um Landsmót 2008. LH hélt fundinn, en enginn úr stjórn LM ehf. sat hann. Framkvæmdastjóri mótsins sagði á fundinum ýmsa þætti hafa farið úrskaiðis í mótahaldinu og nauðsynlegt væri að læra af þeim mistökum. Stjórnarmenn voru sammála um að LM væri orðið ofhlaðið og eitthvað yrði að gera til að hagræða og létta dagskrá mótanna.

Fundur hjá LH. Rætt um fund sem LH boðaði stjórn FHB á í húsakynnum Capacent-Gallup. Formaður, framkv.stjóri og einn stjórnarmanna sóttu fundinn þar sem LH kynnti framtíðarsýn sína í félagsmálum. Þeim fundi hefur ekki verið fylgt frekar eftir af LH, en þeir sem sóttu fundinn kynntu efni hans fyrir öðrum stjórnarmönnum.

Fjármál félagsins rædd og er staða þeirra nokkuð góð. Samþykkt að formaður og gjaldkeri taki upp samninga við starfsmann um aukið starfshlutfall og endurskoði launakjör.

Önnur mál:

Eiðfaxi. Rætt um Eiðfaxes, efnistöð, gæði og vinnslu blaðsins. Stjórnarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að halda úti öflugum tímariti fyrir hestamenn og hrossaræktendur, en gera mætti mun betur í þeim efnum.

Erindi varðandi fóðrunarmál. Farið yfir erindi sem stjórn barst frá félagsmanni varðandi fóðrunarmál. Svo virðist sem trúnaðarrestur hafi orðið í samskiptum félagsmanns og embættisdýralæknis sem með málið fer og mun formaður FHB hafa samband við yfirdýralækni og óska eftir að málið verði skoðað og hvort leysa megi það með því að skipa annan dýralækni til umsýslu þess.

Ferð SB til Þýskalands. Sigbjörn sagði frá för sinni til Þýskalands þar sem hann sótti námskeið kynbótadómara. Hann sagði WorldFeng vera að komast í gagnið fyrir alvöru þar í landi og æskilegt væri að fulltrúar hrossaræktarinnar sæktu Þjóðverja heim til að kynna WF og önnur mál er lúta að skýrsluhaldi, sýningahaldi og fleiru. Um væri að ræða langtímaverkefni sem skoða þyrfti í samvinnu við Jón Baldur hjá WorldFeng.

Markaðsvinna í USA. Hulda sagði frá markaðsstyrk sem félagið hefur fengið til vinnu á Bandaríkjamarkaði. Um er að ræða eftirstöðvar eldri styrks sem veittur var verkefninu “Íslensk- Ameríska hestaráðið.” Það verkefni er ekki lengur í gangi og var samþykkt að yfirfæra eftirstöðvar styrksins til FHB með því skilyrði að féð yrði notað til markaðsvinnu vestanhafs.

Lög um útflutning hrossa. Hulda sagði jafnframt frá vinnu sinni í ráðgjafanefnd Landbúnaðarráðherra sem endurskoðar nú lög og reglugerð um útflutning hrossa. Meðal þess sem nefndin leggur til að breytist er að gerðar verði kröfur um að öll hross 2ja vetra og eldri sem flytja á úr landi skulu vera bandvön. Einnig að aldurstakmark á útflutningshross verði fellt niður þannig að flytja megi út öll hross, 4ra mánaða og eldri, svo framarlega sem þau standast heilbrigðisskoðun. Niðurstöður vinnu nefndarinnar munu verða kynntar þegar henni lýkur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

HGG/hgg